



Gylfi Jónasson



Fæddur 22. júní 1952

Dáinn 29. júní 2023

Útför frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 11. júlí kl. 13:00

Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Naustahöfða

Förspil

Ave Maria

Franz Schubert



Signing og bæn



Hærra, minn Guð, til þín

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.

Hljóma skal harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:
hærra til þín.

Lowell Mason - Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarlestur





Söknuður

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður,
og heldur ósjálfbjarga, því er ver.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál,
gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður' á strönd,
fundið stað, sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin.
Í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin.
Nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Því eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn,
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig allsstaðar.
Þá napurt er, það nærðir hér og nístir mig.

Jóhann Helgason - Vilbjálmur Vilbjálmsson

Ritningarlestur



Dýrðarsöngur

Þegar ég leystur verð þrautunum frá,
þegar ég sólfagra landinu á
líf og verð mínum lausnara hjá,
það verður dásamleg dýrð handa mér.

∴ Dásöm það er dýrð handa mér,
dýrð handa mér, dýrð handa mér,
er ég skal fá Jesú auglit að sjá,
það verður dýrð, verður dýrð handa mér. ∴

Og þegar hann, er mig elskar svo heitt,
indælan stað mér á himni' hefir veitt,
svo að hans ásjónu' ég augum fæ leitt,
það verður dásamleg dýrð handa mér.

Ástvini sé ég sem unni ég hér,
árstraumar fagnaðar berast að mér.
Blessaði frelsari, brosið frá þér,
það verður dásamleg dýrð handa mér.

Chas H. Gabriel - Lárus Halldórsson (eldri)

Ritningarlestur



Kveðja

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lífum, lífum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljós
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni.
Svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.

Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.

∴ Svo vöknum við með sól að morgni. ∴

Bubbi Mortbens



Guðspjall



Nú kveð ég allt

Nú kveð ég allt, sem kærast er
við klökkvan strengjaslátt
í hinsta sinn þú mætir mér
sem morgun lífs míns átt.

Þú undurfagra sæla sveit
með sólskin frið og ró
þá vængi fékk mín vonin heit
sú von er lifði og dó.

Og hugur minn leitar til þín
húmkvöldið svart
en haustsins varð að lúta skapadóm.
Að vetrinum liðnum
kemur vorkvöldið bjart
og vaxa lætur önnur fegri blóm

Svo undurlítið lauf og ber
að lífga jarðarskraut
nú kveð ég allt sem kærast er
og hverf af þinni braut.

Geirmundur Valtýsson - Guðrún Gísladóttir

Minningarorð



Vor í Vaglaskógi

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg,
við skulum tjalda í grænum berjamó.
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær,
lindin þar niðar og birkihrísland grær.

Leikur í ljósum lokkum og angandi rósum,
leikur í ljósum lokkum hinn vaggandi blær.

Daggperlur glitra um dalinn færast ró,
draumar þess rætast sem gistir Vaglaskóg.
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.
Kyrrðin er friðandi, mild og angurvær.

Leikur í ljósum lokkum og angandi rósum,
leikur í ljósum lokkum hinn vaggandi blær.

Jónas Jónasson - Kristján frá Djúpalæk

Bæn



Minning

Sumir hverfa fljótt úr heimi hér
skrítið stundum hvernig lífið er,
eftir sitja margar minningar
þakklæti og trú.

Þegar eitthvað virðist þjaka mig
þarf ég bara að sitja og hugsa um þig,
þá er eins og losni úr læðingi
lausnir öllu við.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þó ég fengi ekki að þekkja þig
þú virðist alltaf geta huggað mig,
það er eins og þú sért hér hjá mér
og leiðir mig um veg.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þegar tími minn á jörðu hér,
liðinn er þá er ég burtu fer,
þá ég veit að þú munt vísa veg
og taka á móti mér.

Bob Dylan - Ingibjörg Gunnarsdóttir

Faðir vör



Ó, vef mig vængjum þínum

Ó, vef mig vængjum þínum
til verndar, Jesús hér,
og ljúfa hvíld mér ljáðu,
þótt lánið breyti sér.
Vert þú mér allt í öllu,
mín æðsta speki' og ráð,
og lát um lífs míns daga
mig lifa' af hreinni náð.

Tak burtu brot og syndir
með blóði, Jesús minn,
og hreint mér gefðu hjarta
og helgan vilja þinn.
Mig geym í gæslu þinni.
Mín gæti náð þín blíð,
að frið og hvíld mér færi
hin fagra nætur tíð.

L. Sandell Berg - Magnús Runólfsson

Moldun



Nú legg ég augun aftur

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Peter Caspar Krossing - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Peter Caspar Krossing - Matthías Jochumsson

Blessun



Útgöngulag

Gullnu vængir

G. Verdi - Halldór Jörgensson



Prestur: Séra Oddur Bjarni Þorkelsson

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson

Söngur: Óskar Pétursson og Ívar Helgason

*Fjölskylda Gylfa þakkar auðsýnda samúð og hlýðug.
Að lokinni athöfn er kirkjugestum boðið að þiggja veitingar
í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju.*